

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu-, sorpeyðingar og endurvinnslugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Umhverfisgjald A er innheimt árlega vegna sorphirðu, -eyðingar og fyrir afnot af gámavelli, fyrir einstakar íbúðir, íbúðarhúsnæði, sumarhús og lögbýli sem hér segir:

|                             |                              |
|-----------------------------|------------------------------|
| Sorphreinsunargjald, íbúðir | 15.800 kr. á hvert sorphílát |
| Sorpeyðingargjald, íbúðir   | 23.000 kr. á hvert sorphílát |
| Sumarhús, lögbýli           | 23.000 kr.                   |

#### 3. gr.

Umhverfisgjald B er endurvinnslugjald vegna móttöku og þjónustu á gámavelli við lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnana, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir :

|           |            |
|-----------|------------|
| Flokkur 1 | 4.600 kr.  |
| Flokkur 2 | 9.200 kr.  |
| Flokkur 3 | 13.800 kr. |
| Flokkur 4 | 23.000 kr. |
| Flokkur 5 | 32.200 kr. |
| Flokkur 6 | 55.200 kr. |

Hreppsnefnd skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka, þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í viðauka við gjaldskrá.

#### 4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 2. og 3. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku hreppsnefndar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er hreppsnefnd heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Tálknafirði, 28. janúar 2013.*

F.h. Tálknafjarðarhrepps,

**Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir** oddviti.

VIÐAUKI  
við gjaldskrá umhverfisgjalda í Tálknafjarðarhreppi.

*Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalda B.*

1. gr.

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps fyrir umhverfisgjald:

**1. flokkur**

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (með 0-2 starfsmenn).
- b) Söluturnar án veitingaaðstöðu.
- c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir).
- d) Lítil hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti).
- e) Bílaleigur.

**2. flokkur**

- a) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn).
- b) Meðalstór hótél eða gistiheimili (fyrir 11-25 gesti).
- c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti).
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur).
- e) Leikskólar.
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (með 3-5 starfsmenn).
- g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári).

**3. flokkur**

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir).
- b) Miðlungs verslun.
- c) Áhaldahús.
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur).
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (með 6-8 starfsmenn).
- f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti).
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar, hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn).
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári).

**4. flokkur**

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (með 9 eða fleiri starfsmenn).
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri).
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir.
- e) Stærri fiskverkanir (501-1.000 tonn á ári).
- f) Bankar og sparisjóðir.
- g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn).
- h) Bensínstöðvar.

**5. flokkur**

- a) Minni fiskvinnslustöðvar (1.000-2.000 tonn/ári).
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfsmenn og fleiri).

**6. flokkur**

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2.000 tonn/ári og yfir).
- b) Heilbrigðisstofnun.